

Aðkoma hins opinbera að úrbótum í ræstingageiranum - tillögur

A. Tillögur sem snúa að hinu opinbera sem verkkaupa í ræstingum

1. Útvistun endurskoðuð

1.1. Útvistun ræstinga afnumin eða stórlega dregið úr henni

Tillaga: Lagt er til að útvistun ræstinga á stofnunum ríkis og sveitarfélaga verði afnumin eða stórlega dregið úr henni, þannig að hún heyri til undantekninga. Þess í stað verði ræstingafólk ráðið beint á þeim ráðningarkjörum sem fyrir liggja í kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga. Fjármögnum aðlöguð að þessu.

Skýring: Stóraukning á útvistun hins opinbera á ræstingum síðastliðna áratugi eru ein drifjöður þess að ráðningarkjör í ræstingageiranum hafa farið versnandi. Verkhraði vex, kulnun og veikindi aukast, kjarasamningsbrot aukast, starfsfólk stendur utan vinnustaðarsamfélagsins, stéttarfélagsvitund dvínar og samskipti verkalýðsfélaga og atvinnurekenda á vinnustöðum versna.

2. Framkvæmd útboða

Samhliða tillögu um að afnema að draga stórlega út útvistunum er lagt til að framkvæmd útboða verði bætt, ss. til að tryggja að félagslegra sjónarmiða sé gætt og að girt sé fyrir samþykkt óeðlilega lágra tilboða. Neðangreindar tillögur gera ráð fyrir að unnt sé að setja þær í framkvæmd án breytinga á gildandi lögum nr. 120/2016 um opinber útboð.

Sambærilegar tillögur hafa þegar hafa verið lagðar fram af hálfu verkalýðshreyfingarinnar á vettvangi vinnuhóps SGS, Eflingar, Samtaka verslunar og þjónustu og fulltrúa ræstingafyrirtækja. Hópurinn var stofnaður á grunni bókunar í kjarasamningum SGS og Eflingar við SA árið 2024 en hefur ekki enn skilað tillögum.

Óskað er eftir samráði við Fjársýslu ríkisins um þær verklagsbreytingar sem neðanreindar tillögur myndu fela í sér.

2.1. Uppmæling hluti af útboðsgögnum

Tillaga: Lagt er til að uppmæling, unnin af utanaðkomandi viðurkenndum fagaðila, verði hluti af útboðsgögnum.

Skýring: Uppmæling er öflugasta tækið þess að hægt sé að meta hvað telst óeðlilega lágt tilboð sbr. 81. gr. laga um opinber innkaup og til þess að skipuleggja útboð m.v. fast verð sbr. 4. mgr. 79. gr. sömu laga um opinber innkaup.

Útboðsgögn frá hinu opinbera vegna ræstinga eru nú þegar iðulega mjög ítarleg (innifela fermetratölur, grunnþekkingar, lýsingar á gólfefnum, ræstingatiðni o.s.frv.) sem þýðir að uppmæling er mjög viðráðanlegt viðbótarskref og á ekki að vera kostnaðarsamt. Niðurstaða uppmælingar gefur viðmiðunargildi um vinnutakt m.v. tiltekinn verktíma og/eða verktíma m.v. tiltekinn vinnutakt. Út frá því má leggja mat á hvort tilboð teljist óeðlilega lágt m.v. áætlaðan verktíma eða hvort að verktími sé óeðlilega stuttur m.v. fast verð.

2.2. Sérstök skilyrði um félagslega þætti

Tillaga: Í útboðsauglýsingum og verksamningum um ræstingu verði sett inn sérstök skilyrði um vinnuskilyrði, skipulag vinnunnar og vernd ráðningarkjara hjá starfsfólki í ræstingum. Huga þarf að ákvæðum um eftirlit, skyldu til að sýna fram á rétta framkvæmd o.s.frv.

Skýring: Byggir á 87. grein laga um opinber útboð.

2.3. Kjarasamningsákvæði tiltekin í tilboði

Tillaga: Í útboðsauglýsingum í ræstingu verði farið fram á að tilgreint sé undir hvaða kjarasamningsákvæðum vinna eða tilteknir hlutar hennar verði unnin (tímavinna, vaktavinna, eða tímamæld ákvæðisvinna). Eftir atvikum verði einnig skylt að tilgreina á hvaða tímum dags og á hvaða vinnutakti verði unnið.

Skýring: Sömu skýringar og í tillögu 1.1. Tengist jafnframt skilyrðum er varða félagslegan þátt sbr. 87. gr.

2.4. Uppsagnarheimildir vegna kjarasamningsbrota styrktar

Tillaga: Heimild og/eða skylda til segja upp verksamningum að fengnum staðfestum upplýsingum frá stéttarfélagi um kjarasamningsbrot. Nánar verði kveðið á um þessar heimildir í verksamningum, ss. um tiltekna reglulega tímapunkta þar sem verkkaupi óskar eftir upplýsingum og tímamörk varðandi viðbrögð.

Skýring: Um er að ræða styrkingu á skilmálum sem þegar eru inni í verksamningum hins opinbera. Mikilvægt er að þessir skilmálar feli ekki í sér óhóflega sönnunarbyrði varðandi kjarasamningsbrot, en séu að sjálfsgöðu með fyrirvara um mistök eða málefnalegan ágreining. Nýlegt dæmi af samskiptum Eflingar við UMBRU sýnir að framkvæmd þessara skilmála er í núverandi mynd er markleysa.

B. Tillögur sem snúa að endurskoðun laga og reglugerða

3. Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

Í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (hér eftir vinnuverndarlög) segir (38. gr, 1. mgr., tl. a): „Ráðherra setur reglugerð, að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins, um, hvaða kröfur skuli uppfylltar varðandi skipulag, tilhögun og framkvæmd vinnu ... t.d. til þess að koma í veg fyrir ... heilsutjón vegna rangrar stöðu við vinnu, rangra hreyfinga eða of mikils álags eða hvernig dregið verði úr áhrifum andlega eða líkamlega einhæfra starfa og starfa sem unnin eru með fyrir fram ákveðnum hraða og um aðrar þær ráðstafanir, sem þýðingu kynnu að hafa í þessu sambandi ...“

Gert er ráð fyrir að neðangreind tillaga rúmist innan vinnuverndarlaga í núverandi mynd og krefjist ekki breytingar á þeim.

3.1. Sett reglugerð um ræstingastörf

Tillaga: Lagt er til að félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu verði falið að vinna reglugerð um ræstingastörf sem innleidd verði á grunni ofangreinds ákvæðis vinnuverndarlaga. Þar verði ákvæði sem fjalli um eftirfarandi:

Vinnutaktur og takmarkanir á honum.

Skilmálar um vinnu á mörgum verkstöðum innan sama dags („bílaþríf“ / „farandþríf“). Nánar tiltekið aðgengi að aðstöðu til neysluhléa, skipulag vinnu m.t.t. hléa, hámarksfjölda verkstaða, vegalengd milli þeirra o.s.frv.

Skyldu atvinnurekanda til að heimila prufuhreingerningu með þátttöku stéttarfélags óski það þess.

Tryggja skýra heimild Vinnueftirlits og/eða stéttarfélaga til að fá upplýsingar afhentar sbr. lög um starfsmannaleigur.

Refsingar við brotum á reglugerð o.s.frv.

4. Lög um opinber innkaup

Ekki er talin þörf á breytingum á þessum lögum, að því gefnu að tillögur undir lið 2 rúmist innan laganna í núverandi mynd.